



**Afallsvatn Kröfluvirkjunar**

**Guttormur Sigbjarnarson**

**Greinargerð GSig-80/01**

AFFALLSVATN KRÖFLUVIRKJUNAR

Fundur haldinn á Orkustofnun um framkvæmd rannsókna skð. tillögum vinnu-  
hóps Náttúruverndarráðs frá 80-01-07, greinargerð Fr. Sig. frá 80-02-06 og  
bréfi Náttúruverndarráðs frá 80-03-12.

Mættir: Kröfluvirkjun: E. Tj. El.  
OS-JKD: G. Sigbj. og Fr. Sig.  
OS-JHD: Valg. St., Ben. St. og H. Árm.

Helstu niðurstöður:

1. E.Tj. El. greindi frá því að RARIK-Kröfluvirkjun hefði samþykkt að framkvæma og kosta fyrirbyggjandi rannsóknaráætlun og skyldi OS-JKD falin umsjón með samræmingu framkvæmda og úrvinnslu á niðurstöðum.
2. E.Tj. El. og G. Sigb. greindu frá því að Náttúruverndarráð væri ekki mótfallið því, að starfsmenn Kröfluvirkjunar ynnu kerfisbundnar mælingar og sýnatökur í samráði við OS-JKD. E.T.E. tilnefndi Egil Sigurðsson sem mælingamann Kröfluvirkjunar.

3. Framkvæmd einstakra verkliða:

1. Vatnajarðfræðileg könnun. OS-JKD tekur að sér framkvæmd þessa þáttar.

2.1 Rennslismælingar í Hlíðardalslæk. Samþykkt var að fara þess á leit við Vm-OS, að setja upp, kvarða og reka síritandi vatnshæðarmæli í Hlíðardalslæk á völdum stað neðarlega í Hlíðardal.

Mælingamaður Kröfluvirkjunar verður falið að fylgjast mánaðarlega með niðurföllum Hlíðardalslækjar.

2.2 Rennslismælingar úr borholum. Þessi verkþáttur verður innifalinn í mælikerfi um gufuvinnslu, sem framkvæmdar eru af OS-JHD og Kröfluvirkjun.

3. Borhola í Búrfellshrauni, Kröfluvirkjun-RARIK sér um, að holu-  
stúturinn verði hæðarmældur. OS-JKD sér um að koma kerfisbundnum mælingum í gang og leggur til mælitæki, en leitast verður við að mælingarmaður Kröfluvirkjunar sjái um mælingar- og sýnatökur úr holunni í framtíðinni.

4. Efnagreiningar

4.1 Gufuborholur

OS-JHD sér alfarið um þennan þátt í sambandi við annað efnafræðilegt eftirlit á virkjunarstaðnum. Bætt verður við sýnatöku af affallsvatni til Hlíðardalslækjar frá virkjuninni til efnagreininga.

4.2 Hlíðardalslækur og borhola í Búrfellshrauni. OS-JKD sér um að koma í sýnatökunni í gang, en reiknað er með að mælingamaður Kröfluvirkjunar sjái um þær í framtíðinni.

OS-JKD framvísar sínum efnagreiningum til OS-JHD.

5. Ferlun (tengsl) Hlíðardalslækjar og borholu í Búrfellshrauni.

Samkvæmt tillögu G.Sigbj. var frestað að framkvæma ferlunina, þannig að til reynsla er fengin af ferlunartilraunum við Sigöldu í sumar.

Af þeim loknum gerir OS-JKD tillögur að ferluninni og verður hún þá framkvæmd í samráði við Kröfluvirkjun.

6. Verkefnisstjórar af hálfu Orkustofnunar verða Þóroddur F. Þoroddsson f.h. Jarðkönnunardeildar og Valgaður Stefánsson f.h. Jarðhitadeildar. Af hálfu Kröfluvirkjunar verður Gunnar Ingi tæknifræðingur verkefnisstjóri.

Guttormur Sigbjarnarson